

Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögnum, sbr. lög nr. 70/2005, orðast svo:
Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga þessara skal fjárhæð olúgjalds vera 41 kr. á hvern lítra af olíu frá gildistöku laga þessara til 1. júlí 2006.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 70/2005, um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., var lögfest tímabundin lækkun frá 1. júlí 2005 til 31. desember 2005 á fjárhæð olúgjalds um 4 kr., eða úr 45 kr. í 41 kr. á hvern lítra af gjaldskyldri olíu. Eins og kom fram í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 70/2005 var markmið þessarar tímabundnu lækkunar að bregðast við óhagstæðri þróun á heimsmarkaðsverði á dísilolíu samanborið við heimsmarkaðsverð á bensíni.

Með frumvarpi því sem hér er lagt fram er lögð til framlenging á hinni tímabundnu lækkun olúgjalds um hálf ár, eða til 1. júlí 2006. Fjárhæð hins lækkaða olúgjalds er hin sama og í lögum nr. 70/2005 eða 41 kr. á hvern lítra af gjaldskyldri olíu.

Eins og bent hefur verið á áður er það eitt af markmiðum laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., að innbyrðis samræmi sé í skattlagningu á dísilolíu og bensíni þannig að dísilknúnar fólksbifreiðar verði álitlegri kostur fyrir einstaklinga en þær hafa verið hingað til og að sambærilegar rekstrarforsendur eigi við hvort sem bifreið er dísil- eða bensínknúin.

Verð á dísilolíu á heimsmarkaði er enn þá óvenjuhátt í samanburði við heimsmarkaðsverð á bensíni sé til viðmiðunar litið nokkur ár aftur í tímann. Eiga því þær forsendur sem komu fram í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 70/2005 enn við að þessu leyti. Óvissa er um það hvernig heimsmarkaðsverð á dísilolíu og bensíni mun þróast innbyrðis á næstu mánuðum. Með vísan til þessa ástands er því með frumvarpi þessu lagt til að hin tímabundna lækkun olúgjalds verði framlengd um hálf ár eða til 1. júlí 2006. Á fyrri hluta næsta árs mun þá gefast færi á að yfirfara betur innbyrðis samræmi milli olúgjalds, bensíngjalds og kílómetragjalds, en þess ber að geta að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 kemur fram að í tengslum við lögfestingu tímabundinnar lækkunar olúgjalds, sbr. lög nr. 70/2005, kynni

bensíngjald, olíugjald og kílómetragjald að verða stillt frekar af innbyrðis áður en gildistími tímabundinnar lækkunar olíugjalds rennur út um næstu áramót, þó þannig að miðað væri við að tekjur ríkissjóðs héldust þær sömu.

Verði frumvarpið að lögum er áætlað að það muni leiða af sér um 160 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð á árinu 2006 frá því sem miðað var við í forsendum fjárlagafrumvarps fyrir árið 2006.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að tímabundin lækkun olíugjalds um 4 kr., sem gildir á tímabilinu frá 1. júlí til loka þessa árs samkvæmt lögum sem sett voru á sl. vorþingi, verði framlengd um hálf t. ár eða til 1. júlí árið 2006. Áætlað er að þessi lækkun á olíugjaldinu hafi í för með sér að tekjur ríkissjóðs verði um 160 m.kr. lægri en þær ella hefðu orðið. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til útgjalda fyrir ríkissjóð verði það að lögum.